

AUÐKENNDAR BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA ÁSAMT SKÝRINGUM

Breytingar á orðalagi til samræmis við framkvæmd og lög

Í eftirtöldum greinum samþykkt sjóðsins er vísað til stjórnar sjóðsins þar sem raunveruleg framkvæmd er í höndum sjóðsins en ekki stjórnar hans. Samkvæmt 5. mgr. 31. gr laga 129/1997 annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur sjóðsins. Greinarnar sem verið er að breyta hér að neðan lýsa verkefnum sem falla undir daglegan rekstur og framkvæmdastjóri og sjóðurinn sinnir en ekki stjórn. Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að samþykktir endurspegli raunverulega framkvæmd hjá lífeyrissjóðnum sem er í samræmi við téða lagagrein hér að ofan.

gr. 9.10

Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. ~~Stjórn sjóðsins~~ **Sjóðnum** er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þessa tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

gr. 9.11

~~Stjórn sjóðsins~~ **Sjóðurinn** getur veitt viðtöku fé, sem sjóðfélaga er heimilt að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, þegar að töku lífeyris kemur.

gr. 12.2

Auk áunninna réttinda, skv. gr. 12.1, kann sjóðfélagi að eiga rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Auk þeirra skilyrða sem þurfa að vera uppfyllt skv. gr. 12.1 eru skilyrði framreikningsréttar að sjóðfélaginn hafi:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum.
- greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
- ekki sjálfur átt sök á orkutapi t.d. vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Séu sérstakar ástæður, þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt framangreind skilyrði þessarar greinar um iðgjaldsgreiðslutíma er ~~sjóðstjórn~~ **sjóðnum** heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök orkutaps verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna náms, vinnu erlendis, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

gr. 12.6

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12., skal um þann framreikning fara sem hér segir:

- Reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji ~~sjóðstjórn~~ **sjóðurinn** rökstudda ástæðu til að ætla að þetta þriggja ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar

greiðslur, er henni sjóðnum heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 6 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 4 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 6 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Svari meðaliðgjaldið til hærri árslauna en kr. 13.500.000, skal miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með árlegu iðgjaldi af kr. 13.500.000. Iðgjaldshlutfallið skal vera hið sama og hjá meðaliðgjaldinu.

- b. Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðsstjórnar sjóðsins ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er stjórn sjóðsins sjóðnum heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 12.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.

gr. 12.7

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur nema hann hafi fyrir þann tíma þegar fallið niður ef ákvæði samþykktanna leiddu til þess. Stjórn sjóðsins Sjóðurinn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðnum að hækka örorkulífeyrinn ef orkutapið vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er orkutapið óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

gr. 14.1

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða sjóðfélagi uppfyllir skilyrði 12. greinar til að hljóta rétt til örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig rétt á barnalífeyri úr sjóðnum til 20 ára aldurs eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátið eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
- b. notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðsstjórn sjóðnum rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

gr. 16.2

Stjórn sjóðsins Sjóðurinn ákveður endurgreiðslufjárhæð. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingsfræðilega réttum forsendum.

gr. 18.2

Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og henni skulu fylgja þau gögn sem nauðsynleg eru að mati sjóðsstjórnar sjóðsins til að úrskurða um lífeyri. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Berist umsókn eftir að 70 ára aldri er náð er þó heimilt að greiða ellilífeyri aftur í tímann til 70 ára aldurs. Aldrei skal stjórn sjóðsins sjóðnum skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknað frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

gr. 18.4

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð sem svarar til a.m.k. kr. 7.500 á mánuði og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við réttindi verður ekki að ræða, og er þá ~~stjórn sjóðsins~~ sjóðnum heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi skv. reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

Skipting réttinda á milli sjóðfélaga og maka – ný grein

Grein 9. 12 og 11.7 eru felldar niður og sameinaðar í nýrri grein númer 15, ásamt viðbótargrein 15.c til samræmis við lög 129/1997, sem ber heitið skipting réttinda á milli sjóðfélaga og maka. Númer þeirra greina sem á eftir koma breytist sem þessu nemur, þannig að núverandi grein 15 verður grein 16 o.s.frv.

Hér er verið að einfalda framsetningu og draga saman öll ákvæði samþykktu sjóðsins er snúa að skiptingu réttinda sjóðfélaga og maka í eina grein. Jafnframt er bætt við einni grein en ákvæði þau sem lesa má í nýrri grein 15.c voru ekki til staðar í samþykktum en þau má finna í lögum. Hér er því verið að gæta samræmis.

Eftirfarandi greinar eru teknar út í heild sinni.

- 9.12. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjald vegna hans samkvæmt 9.1 sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag. Aldrei skal iðgjöldum skipt lengur en til 70 ára aldurs makans.
- 11.7. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:
- Ef hann er ekki orðinn 65 ára og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
 - Að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til ellilífeyris skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagsins taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

Í þeirra stað kemur ný grein nr. 15 sem lesa má hér sem samsett er úr hinum tveimur ásamt viðbótargrein 15.c :

gr. 15

Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- a. Ef hann er ekki orðinn 65 ára og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
- b. Að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til ellilífeyris skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagsins taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag. Aldrei skal iðgjöldum skipt lengur en til 70 ára aldurs makans.
- c. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.